

**Ed. 762. Frumvarp til laga [281. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík frá hausti 1972 eða svo fljótt sem við verður komið. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

**2. gr.**

Stjórn skólans annast fimm manna skólanefnd. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Hinir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þessara aðila: borgarstjórnar Reykjavíkur, Hjúkrunarfélags Íslands, Læknafélags Íslands og nemenda skólans.

Skólastjóri hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum skólanefndar.

Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára, nema fulltrúi nemenda til árs í senn.

**3. gr.**

Um þennan skóla skulu gilda, eftir því sem við á, lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands.

**4. gr.**

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um skólann.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í bréfi borgarstjórans í Reykjavík til menntamálaráðuneytisins, dags. 21. jan. 1972, er greint frá því að á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 20. sama mánaðar hafi verið lögð fram og samþykkt með samhljóða atkvæðum eftirfarandi tillaga heilbrigðismálaráðs borgarinnar frá 14. sama mánaðar:

„Borgarstjórn ályktar að fela borgarstjóra í samráði við borgarlækni og heilbrigðismálaráð að undirbúa stofnun nýs hjúkrunarskóla, sem starfræktur verði í tengslum við Borgarspítalann. Markmið skólans verði að veita nemendum sínum full hjúkrunarréttindi, en starfsemi hans miðuð við að auðvelda hjúkrunar- og líknarstofnunum borgarinnar að fá hjúkrunarfólk til starfa.

Borgarstjórn felur borgarstjóra að hefja viðræður við menntamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti um fyrirkomulag skólans, en eðlilegt er að ríkisvaldið kosti hina bóklegu kennslu, bæði kennslukrafta, húsnæðiskostnað og annað, sem þeim þætti námsins fylgir. Borgarstjórn skorar jafnframt á ríkisvaldið að efla þann skóla, sem fyrir er, og beita sér fyrir stofnun kennsludeildar í hjúkrun við Háskóla Íslands, sem taki til starfa svo fljótt sem auðið er.“

Jafnframt fór borgarstjóri þess á leit í bréfinu að menntamálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefndu fulltrúa til viðræðna um væntanlegt fyrirkomulag skólans og skýrir frá því að af hálfu Reykjavíkurborgar muni borgarlæknir, dr. Jón Sigurðsson, og framkvæmdarstjóri Borgarspítalans, Haukur Benediktsson, taka þátt í viðræðunum.

Menntamálaráðuneytið svaraði bréfi borgarstjóra 4. febrúar 1972 og tjáði sig fúslega myndu „ræða við borgaryfirvöld Reykjavíkur um hverja þá hugmynd, sem líkleg er til að auðvelda hjúkrunar- og líknarstofnunum, ekki aðeins Reykjavíkurborgar heldur og landsins alls að fá hjúkrunarfólk til starfa“, og jafnframt var tilkynnt að þeir Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri og Runólfur Þórarinnsson fulltrúi myndu taka þátt í viðræðunum af hálfu ráðuneytisins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefndi af sinni hálfu til viðræðnanna Ingibjörgu R. Magnúsdóttur deildarstjóra í ráðuneytinu með bréfi dags. 2. febrúar 1972.

Viðræðufundur hófust 6. marz 1972 og var dr. Jón Sigurðsson kjörinn formaður nefndarinnar, en Ingibjörg R. Magnúsdóttir ritari.

Viðræðunefndin kynnti sér „áætlun um menntun hjúkrunarliðs“ eftir dr. Kjartan Jóhannsson verkfræðing, frá í desember 1971, en helztu niðurstöður þeirrar áætlunar eru sem hér segir:

- „1. Aukinn verði innritaður fjöldi hjúkrunarnema um 100 á ári næstu 3 árin en um nær 60 á ári úr því. Þetta gerist annaðhvort með stofnun nýs skóla eða stækkun Hjúkrunarskóla Íslands. Heildarfjöldi innritaðra verði um 165 á ári næstu þrjú árin en um 120 á ári úr því.
2. Aukin verði og bætt menntun sjúkraliða og fjölgað ört í stéttinni á næstu árum.
3. Stofnsett verði framhaldsdeild í sérhæfðri hjúkrun er veiti menntun á eftirtöldum sérsviðum: Stjórnun, heilsugæzlu, hjúkrunarkennslu, svæfingarhjúkrun, geðhjúkrun, barnahjúkrun, röntgenhjúkrun, skurðstofuhjúkrun og fæðingarhjúkrun.
4. Sérstakar deildir eða stofnanir mennti röntgentækna og skurðstofutækna“.

Störf viðræðuaðila beindust frá upphafi að því, með hvaða hætti væri líklegast að auka fjölda hjúkrunarkvenna í landinu. Eins og kunnugt er, er einn hjúkrunarskóli í landinu, Hjúkrunarskóli Íslands, sem starfar skv. lögum nr 35/1962, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 279/1966. Hefur að undanfögnu reynzt erfiðleikum bundið að fá nægilega marga sérmenntaða hjúkrunarkennara að skólanum og hefur það háð mjög starfi hans.

Menntamálaráðuneytið hefur árin 1971 og 1972 auglýst tvo 210 þúsund króna styrki hvort árið til hjúkrunarkvenna, sem vildu bæta við sig kennslumenntun gegn því að starfa að námi loknu a. m. k. 2—3 ár við Hjúkrunarskóla Íslands. Sem fyrsta árangurs af þessu má vænta tveggja lærðra hjúkrunarkennara til skólans í ágústmánuði 1973. Nemendafjöldi í Hjúkrunarskóla Íslands er nú 227. Skólinn tekur við nemendum tvisvar á ári, að hausti og í marzmánuði. Síðastliðin tvö ár hafa útskrifazt frá skólanum rúmlega 80 hjúkrunarkonur hvort ár um sig, en verða nokkru færri tvö næstu ár.

Í viðræðum um stofnun nýs hjúkrunarskóla hafa viðræðuaðilar fyrst og fremst staðnæmzt við þann örðugleika, sem verið hefur á því að fá sérmenntaða hjúkrunarkennara til starfa að Hjúkrunarskóla Íslands og leitt hugann að því, hvort takast myndi að fá kennara að nýjum hjúkrunarskóla, án þess að sá, sem fyrir er, biði við það hnekki. Á landinu öllu munu vera 11 hjúkrunarkonur með kennsluréttindi, þar af 8 sunnanlands. Af þeim starfa 2 við Hjúkrunarskóla Íslands, ein er starfsmaður í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, tvær starfa í Borgarspítalanum og ein er formaður Hjúkrunarfélags Íslands og starfar lítillga að kennslu í Hjúkrunarskólanum. Nefndin leitaðist því við að kanna, hveira kennslukrafta kynni að vera kostur við nýjan hjúkrunarskóla. Hefur sú athugun leitt í ljós, að líkur benda til að fást muni skólastjóri og kennarar að nýjum hjúkrunarskóla.

Í nefndinni var rætt um, að í hinum nýja hjúkrunarskóla yrðu 75—90 nemendur, er hann væri tekinn til starfa að fullu. Skólinn tæki árlega við 25—30 nemendum, sem nytu kennslu í 3 ár, að óbreyttum inntökuskilyrðum. Inntaka nemenda í þennan skóla yrði einu sinni á ári, en ekki tvisvar eins og nú tíðkast í Hjúkrunarskóla Íslands, enda hefur skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands kvartað

undan því fyrirkomulagi og hefur verið til umræðu að undanfögnu að breyta því þannig að tekið yrði við nemendum í skólann einungis einu sinni á ári, að haustinu. Ef slík breyting á hins vegar ekki að hafa í för með sér fækkun í skólanum í bili, þá þyrfti að taka í skólann í einu að haustinu sama fjölda og tekinn hefur verið áður í tveimur hópum á heilu ári, og eru þessu samfara nokkrir framkvæmda-örðugleikar í bili.

Við athugun á verkefni sínu, komust viðræðuaðilar að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að stofna nýjan hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík í trausti þess, að skólarnir muni styðja og styrkja hvor annan og að með þessu móti muni m. a. fást til kennslustarfa þær kennaramenntuðu hjúkrunarkonur, sem nú eru í starfi hjá Borgarspítalanum. Þessi skóli þarf síðan vitanlega eins og Hjúkrunarskóli Íslands að styðjast mjög við stundakennara úr hópi lækna o. fl.

Í fyrrnefndu bréfi borgarstjórans í Reykjavík hinn 21. janúar 1972 er talið eðlilegt að ríkisvaldið kosti hina bóklegu kennslu, bæði kennslukrafta, húsnæði og annað, sem þeim þætti námsins fylgir, og að starfsemi hans verði miðuð við að auðvelda hjúkrunar- og líknairstofnunum borgarinnar að fá hjúkrunarfólk til starfa.

Eins og fram kemur í svarbréfi menntamálaráðuneytisins frá 4. febrúar s. l. vill ráðuneytið ekki binda þetta eingöngu við Reykjavíkurborg heldur landið allt. Með þetta sjónarmið fyrir augum, sem fulltrúar ráðuneytisins hafa túlkað í viðræðunum og viðræðuaðilar eru sammála um, er lagt til, að hinn nýi skóli verði ríkisskóli, en hafi aðstöðu í Borgarspítalanum og e. t. v. öðrum sjúkrastofnunum. Þar sem lagaheimild brestur til þess að koma á fót nýjum hjúkrunarskóla, er frumvarp þetta lagt fram, en jafnframt þarf að endurskoða lög um Hjúkrunarskóla Íslands og setja nýja löggjöf um hjúkrunarskóla og hjúkrunarnám. Hefur menntamálaráðherra ákveðið að skipa nefnd til slíkrar endurskoðunar.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er einungis til þess að fá lagagrundvöll nú þegar til stofnunar nýs hjúkrunarskóla haustið 1972 eða eins fljótt og við verður komið. Lagaákvæði um Hjúkrunarskóla Íslands myndu gilda einnig um nýja skólann eftir því sem við gæti átt, unz ný löggjöf yrði sett.

Hér fer á eftir lausleg

**áætlun um stofn- og rekstrarkostnað hjúkrunarskóla:**

<b>1. starfsár.</b>		Þús. kr.
<b>Tæki og búnaður.</b>		
Skrifborð, skrifstofuáhöld, skólaborð og stólar .....	500	
Kennslutæki .....	500	
Ýmislegt .....	200	
		<b>1 200</b>
Lagfæring á húsnæði vegna skolherb. o. fl. ....		500
		<b>1 700</b>
		Þús. kr.
<b>2. starfsár</b> .....		<b>500</b>
<b>3. starfsár</b> .....		<b>500</b>

**Rekstrarkostnaður 1. árs**

(miðað við að rekstur hefjist 1. okt. 1972)

Skólastjóri .....	300	Þús. kr.
1½ kennari 4 mánuði .....	200	
1 ritari 6 mánuði .....	130	
Stundakennsla .....	150	
Ráðgjöf og annar undirbúningur .....	300	
		<b>1 080</b>

		Þús. kr.
Launatengd gjöld .....		50
Pappír, prent, sími og kennslugögn .....	250	
Húsnæði, ljós, hiti og ræsting .....	500	
	<hr/>	750
		<hr/>
		1 880

Engin námslaun.

**Rekstrarkostnaður 2. árs (1973).**

		Þús. kr.
Skólastjóri .....	600	
3 kennarar .....	1 200	
1 ritari .....	300	
	<hr/>	2 100
Stundakennsla .....		400
Launatengd gjöld .....		100
Stjórn og bókhald .....	200	
Skrifstofukostnaður .....	250	
Húsnæði, ljós, hiti og ræsting .....	1 000	
Ýmislegt .....	100	
	<hr/>	1 550
Laun nema .....		1 000
		<hr/>
		5 150

**Rekstrarkostnaður 3. árs (1974).**

		Þús. kr.
Skólastjóri .....	600	
5 kennarar .....	2 000	
1 ritari .....	300	
	<hr/>	2 900
Stundakennsla .....		700
Launatengd gjöld .....		200
Stjórn og bókhald .....	200	
Skrifstofukostnaður .....	300	
Húsnæði, ljós, hiti og ræsting .....	1 200	
Ýmislegt .....	100	
	<hr/>	1 800
Laun nema .....		1 500
		<hr/>
		7 100